KYNNINGARBLAÐ

# Fréttapíp

Fréttarit Félags pípulagningameistara

Nr. 7 – APRÍL 2017





*Á myndunum: Þór Pálsson hjá Verkiðn, Kristján Þór Júlíusson, Menntamálaráðherra og Guðmundur Páll Ólafsson, formaður Félags pípulagningameistara. Guðmundur sýnir Kristjáni réttu handtökin við að pressa álpex. Jóhannes Páll nemi fylgist grannt með.*

# Glæsilegt Íslandsmót iðn- og verkgreina 2017

**Íslandsmót verk- og iðngreina 2017, ásamt framhaldsskólakynningu, fór fram í Laugardalshöllinni dagana 16.-18. mars. Þótti vel til takast og framkvæmdin til fyrirmyndar. Alls komu hátt í áttaþúsund grunnskólanemar á skólakynninguna og Íslandsmótið. Voru aðstandendur flestir sammála um það að þetta væri veglegasta og glæsilegasta mótið sem haldið hefur verið fram til þessa.**

Má fullyrða að þessi góði árangur hvetur alla þá sem komu að þessum glæsilega viðburði til frekari dáða fyrir næsta Íslandsmót, sem að öllu óbreyttu verður haldið 2019.

**Hver er eiginlega tilgangurinn?**

Og nú, þegar Íslandsmót verk og iðngreina 2017 er afstaðið, þá vilja menn staldra við og spyrja sig: Hvaða tilgangi þjónar öll þessi fyrirhöfn og vinna, allt þetta umstang sem meistarar, kennarar og nemar hafa lagt á sig fyrir Íslandsmótið?

Jú, það er einfalt að sjá það. Bara með því að horfa á aðrar iðngreinar, sem ekki taka þátt í þessum viðburði, eða öðrum, þá sér maður strax beint samhengi milli fjölda útskrifaðara sveina eða bara hreinlega aðsókn í skóla í þær iðngreinar.

Það er áberandi í okkar röðum, röðum meistfélaga í byggingagreinum, að þau félög sem ekki taka þátt í sýningum og keppnum, þau eiga greinilega erfitt uppdráttar og virðist

*– Sjá framhald greinar á bls. 2 & 3.*

## Veglegur kynningarbæklingur

Félag pípulagningameistara hefur alltaf lagt mikinn metnað í að útbúa góða umgjörð og að hafa gott utanumhald þegar nemar á vegum félagsmanna taka þátt í keppnum eins og Íslandsmóti verk- og iðngreina. Keppnin í ár var þar engin undantekning. Meðal annars var gefinn út veglegur kynningarbæklingur, þar sem Ágúst Örn, Finnur, Ingi Sigurður og Leifur Örn sögðu frá sjálfum sér og hversvegna þeir völdu að læra pípulagnir. Einnig er stutt kynning á Meistarafélaginu og Sveinafélaginu og lýsing á pípulagnanáminu. Bæklingurinn vakti m.a. athygli Menntamálaráðherrans, Kristjáns Þórs Júlíussonar, sem lýsti hrifningu með framtakið.




## Reynir náði 500 stiga markinu á Evrópumótinu í Gautaborg

- sjá bls. 6 & 7

## Félag pípulagningameistara með Aðalfund sinn og Árshátíð 2017 á Hótel Örk í lok apríl

*Nú geta menn farið að láta sig hlakka til því framundan er Aðalfundur og vegleg Árshátíð Félags pípulagningameistara 2017. Herlegheitin verða á Hótel Örk í Hveragerði, nánar tiltekið laugardaginn 29. apríl. Aðalfundurinn verður kl. 14:00 á laugardag og Árshátíðin um kvöldið. Gisting fyrir félagsmenn og maka á hagstæðu verði. Fjölmennum félagar.*

PÍPUM SAMAN!



GEBERIT mapress
QUINN radiators
SABIANA
GROHE
DALLMER
damixa When design makes sense
MEA
REHAU
fischer
DAB WATER TECHNOLOGY

byko.is
lagnadeild@byko.is
BYKO




*Þreyttir, brosmildir keppendur í pípulögnum komnir á verðlaunapall. Talið f.v.: Almar Guðmundsson, framkvæmdastjóri SI, sem afhenti verðlaunin, Ingi Sigurður, Íslandsmeistari í pípulögnum 2017, Finnur, Ágúst Örn og Leifur Örn, en þremenningunum var öllum raða í annað sæti. Lengst t.h. er svo Stefan Pracks, varaformaður og stjórnandi tæknimála hjá World Skills.*
*Á myndinni að neðan sjást glæsilegir gjafapakkar sem Félag pípulagningameistara afhenti keppandum í viðurkenningarskyni.*



# Glæsilegt Íslandsmót iðn- og verkgreina 2017

*– Framhald greinar af forsíðu*

sem þeim gangi erfiðlega að fá til sín nema í sínum fögum. Sem auðvitað tefur verulega fyrir endurnýjun í viðkomandi starfsgreinum. Það er líka eftir því tekið hversu forsvarsmenn sumra meistarafélaga sinna því illa að vera viðstaddir viðburði sem tengjast viðkomandi faggrein, til dæmis við útskrift sveina. Það er engin þörf á að nefna ákveðnar faggreinar í þessu sambandi, þeir taka til sín sem eiga. Félag pípulagningameistara hefur verið með í keppni frá því að Íslandsmeistaramótinu í iðngreinum var komið á laggirnar. Það var nefninlega Félag pípulagningameistara sem stóð fyrir því.

**45 hafa útskrifast frá 2014**

Og þessir viðburðir hafa sannarlega áhrif. Bara síðan 2014 hefur Félag pípulagningameistara útskrifað 45 einstaklinga með Sveinspróf í pípulögnum. Það er bara því starfi, sem forverar mínir lögðu upp með, og ég hef tekið við og haldið á lofti, að þakka. Það er nefnilega svo ofboðslega mikilvægt að minna á sig og vekja athygli til að fá bara hluta af þeim sem velja sér iðnmenntun til að læra pípulagnir.

Og við þurfum útlært fólk í pípulagnir. Það eru bara svo og svo margir sem geta unnið með íslenska heitavatnið, án þekkingar. Við viljum sjálfir, og krefjumst þess, að sú þekking, sem við höfum aflað okkur og okkur hefur verið kennt, fari áfram og nýir einstaklingar bætist við, stéttin eflist og eðlileg endurnýjun eigi sér stað. Við eigum að efla og styrkja viðburð eins og Íslandsmótið. Fagna þessu framtaki og nýta þá athygli og kynningu sem fylgir. Án þess er hætt við að þessi stétt deyji út líkt og horfur eru á með ýmsar aðrar stéttir.

**Áfram iðnmenntun,**
**áfram pípulagningamenn!**

*Guðmundur Páll Ólafsson,*
*formaður Félags*
*pípulagningameistara.*





*Það var alltaf mikill straumur framan við bás Félags pípulagningameistara. Fylgst var með keppendum að störfum og plokkaðir upp bæklingar. Svo var líka hægt að reyna með sér í skemmtilegum leik; raða saman 4 plaströrabeygjum og mynda eina heild á sem stystum tíma. Mörg met voru slegin og sumir komu aftur og aftur til að reyna slá metið, sem var 4,2 sek.*



*Margir pípulagningameistarar komu í heimsókn á básinn meðan á sýningunni stóð, enda er hópurinn þekktur fyrir samstöðu og eru afar áhugasamir um það sem er að gerast innan félagsins. Á myndinni eru meistarar og dómarar f.v.: Kári Samúelsson, pípul.meistari, Guðbjörn Þ. Þórðarson, pípul.meistari, Ólafur Guðmundsson, yfirdómari, Heimir Guðmundsson í stjórn FP, Guðmundur Páll, form. FP, Helgi Pálsson hjá FIT og Böðvar Ingi, varaform. FP.*



Tíma- og verkskráningarkerfi
>> Einfalt í notkun - sparar tíma
>> Lægri rekstrarkostnaður - aukin yfirsýn
>> Tenging við launa- og verkbókhaldskerfi

Hringdu í síma 5 100 600 eða sendu okkur póst á timon@trackwell.is og fáðu tilboð í þinn rekstur.

TrackWell
Tímon

*Að neðan: Ágúst Örn. Frá vinstri: Leifur Örn, Ingi Sigurður, nýr Íslandsmeistari í pípulögnum árið 2017 og loks Finnur.*










## Gífurleg einbeiting

**Það krefst gríðarlegrar einbeitingar af hálfu keppenda að leysa verkefnin í keppninni. Ljósmyndari Fréttapíps var eins og grár köttur að mynda þá, en það virtist ekki raska einbeitingu þeirra.**

# Líf og fjör í Meistaraskólanum









Böðvar Ingi við fjarkennslu t.v. Að neðan Guðni við kennslu.









Ljósmyndari Fréttapíps kíkti við í kennslustofu Meistaraskólans í Tækniskólanum við Háteigsveg. Þar stóðu yfir Staðlotudagar. Kennsla í Meistaraskólanum fer fram í dreifinámi, sem er fjarnám með Staðlotum. Í Staðlotunum, sem eru tveir dagar í senn, tvisvar á önn, mæta nemendur í skólann og fara yfir sérstakt efni í viðurvist kennara. Í þessu tilviki var verið að kenna Kennslufræði og hafði Guðni Guðjónsson, kennari, stjórnina með höndum.
Að sögn Ragnhildar Guðjónsdóttur, skólastjóra Meistaraskólans, eru nú 229 nemendur við nám í Meistaraskólanum, þar af 35 konur. Á fyrri stigum námsins eru faggreinarnar saman í kennslu, en síðar á námsferlinu er skipt niður í sarfsfög og sérgreining er viðhöfð í náminu.
Eins og sjá má er létt yfir fólki og andrúmsloftið óþvingað og afslappað.

## www.vatnsidnadur.net – Fróðlegur vefur



**Vefsíðan Vatnsidnadur.net er þróunarvinna sem varð til út frá upplýsingarsöfnun um málefni tengd vatnsiðnaði. Síðunni er ætlað að miðla upplýsingum, sem varðar íslenskan og erlendan vatnsiðnað í aðgengilegum gagnagrunni. Markmiðið með upplýsingasöfnuninni er að halda þekkingu og sögu vatnsiðnaðarins til haga.**
**Upphaflega hófst þessi vinna sem utanumhald til margra ára á skrám á pappírsformi sem smám saman hlóð utan á sig og þróaðist yfir í skönnuð pappírsgögn á stafrænu formi. Í framhaldi var svo leitað eftir gögnum á veraldarvefnum sem ættu heima í skránni. Þarna kom í ljós að slíkur gagnagrunnur yrði að vera á mjög skipulögðu og aðgengilegu „exelforriti“, þar sem auðvelt væri að leita í eftir upplýsingum, enda var gagnagrunnurinn orðinn það umfangsmikill. Eftir að hafa stuðst við gagnagrunninn í ráðgjöf tengt vatnsiðnaðinum, kviknaði sú hugmynd að þetta gæti verið þægilegt ef gagnagrunnurinn væri aðgengilegur á veraldarvefnum. Það hentar ágætlega þar sem slíkt efni er í stöðugri endurnýjun og uppfærslu.**
**Gagnagrunnurinn er unninn upp úr rituðum heimildum, vísað er í heimildir og höfundum gerð skil. Upplýsingar eru mis áreiðanlegar, og því kunna að slæðast inn villur. Vefurinn er gagnvirkur og því hægt að senda athugasemdir til leiðréttingar. Allar ábendingar er varða vefsíðu vatnsiðnaðar eru vel þegnar enda er verkefnið í þróun.**
**Allt ritað efni í gagnagrunninum er með vísun í heimildarmenn en uppbygging og hugmyndin að heimsíðunni www.vatnsidnadur.net er háð höfundarétti. Birtingarmynd og hugmyndafræði heimasíðunnar á öðrum vettvangi er því bönnuð án leyfis.**

Heimsþekkt vörumerki hjá HAGA

Honeywell Safety products
Úrval af öryggisvörum: Öryggisskór – Eyrnatappar – Vinnuvettlingar – Öryggisgleraugu – Grímur

Snickers WORKWEAR
Vinnuföt fyrir alla fagmenn

KCL
Vinnuvettlingar í miklu úrvali fyrir allar faggreinar

MILLER by Honeywell
Fallvarnarbúnaður – Öryggisbúnaður

Timberland PRO SERIES
Vinnuföt og öryggisskór

HOWARD LEIGHT
Heyrnarhlífar með og án útvarps

HILTI
HAGI ehf – HILTI á Íslandi
Stórhöfði 37 - 110 Reykjavík - Sími 414 3700
Fax 414 3720 - Póstfang: customerservice@hilti.is





KESSEL EASY CLEAN FITUSKILJUR

- Sérstyrktar til að standa á gólfi.
- Hægt að fá í mörgum mismunandi útfærslum.
- Vandaður stjórnbúnaður.
- Áralöng reynsla.

TENGI

Tengi • Kópavogi • Akureyri • www.tengi.is



TRYGGJUM MEISTARAFAGMENNSKU OG LÖG

SB pípulagnaþjónusta skipaþjónusta
Pípulagnir ehf
Ósabakki 13 109 Reykjavík GSM 898 1870
netfang stefanbr@simnet.is

Press Lagnir ehf
**Presslagnir ehf.**
Funafold 29 - 112 Reykjavík
GSM 898 5112 - presslagnir@simnet.is

HÚSA LAGNIR PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
**Húsalagnir ehf.**
Pípulagningaþjónusta
Gylfaflöt 20 - 112 Reykjavík
GSM 893 3632
husalagnir@simnet.is

LAGNAVIRKI EHF.
Strandgata 73b – 220 Hafnarfjörður
GSM 896 2017 – villipipari@simnet.is

MIÐSTÖÐIN
**Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.**
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar
Sími 481 1475 - midstodin@midstodin.is

Bragi Benediktsson ehf.
pípulagnir
Akurhvarf 6 - 203 Kópavogur
GSM 660 3863 - bbpipur@gmail.com

RENNSLI ehf.
pípulagnir • sími 696 8054
Akralind 1 - 201 Kópavogur
GSM: 696 8054 - rennsli@simnet.is

lagnaafl
Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari
GSM 856 5525

Sp pípulagnir ehf.
Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585
Sigurdur.pipari@gmail.com

Píp
Sólv
GSM: 618

**Pípulagnir**
**Elvars G Kristinssonar ehf.**
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík
GSM. 892 9421 - ellipip@simnet.is

Benni pípari ehf
Pípulagningaverktaki
Bolafæti 9 – 260 Reykjanesbæ
GSM 842 6000 – bennipip@simnet.is

Öll alhliða pípulagningarþjónusta
Fagmennska í fyrirrúmi
PÍPULAGNIR
**SHV Pípulagnir ehf.**
Funafold 54 - 112 Reykjavík
Sími: 587 8715
GSM: 821 1040
shv.pipulagnir@internet.is

B.Ma
Böð
660 6
lagni
Allt
Löggiltur pí
www

GG Lagnir
Grundagötu 56 - 350 Grundarfirði
GSM 894 2774 - gxg@simnet.is

króm og hvítt
Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn
Sími 478 2099 - GSM. 861 0291
kromoghvitt@simnet.is

GG LAGNIR ehf
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
stofnað 1988
Dugguvogi 1b - 104 Reykjavík - Sími 517 8870
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is

HS
pípulagn

**AH pípulagnir ehf.**
Suðurhrauni 12c - 210 Garðabæ
Sími 555 7012 - GSM. 822 7100
andres@pipulagnir.is
AH PÍPULAGNIR

BERGÞÓR BJARNASON
PÍPULAGNINGAMEISTARI
**PÍPULAGNIR ehf.**
Dalatangi 10 - 270 Mosfellsbær
GSM: 893 1404 - pipo@simnet.is

FLÆÐI Pípulagnir ehf.
MAGNÚS Á. MAGNÚSSON
PÍPULAGNINGAMEISTARI
**Flæði pípulaginir ehf.**
Svæði - 620 Dalvík
466 1401 / 898 5524
maggisvaedi@simnet.is

NESLAGNIR ehf
Pípulagnaþjónusta
Bergási 12 – 260 Reykjanesbæ
GSM: 698 6309 – neslagnir@internet.is

**Tröllalagnir ehf.**
Jón Auðunn Sigurjónsson
pípulagningameistari
Auðnukór 3 – 203 Kópavogur
GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is

**HSH VERKTAKAR ehf.**
Sunnuhlíð 12 – 603 Akureyri
GSM: 896 3257 – hallihelga@simnet.is

JM
Malt
GSM. 898



Heildarlausnir á hreinsun skólps með lífrænum hætti
Hvammshólar ehf. Sími 660 4085
HVAMMSHÓLAR
Sigurður V. Halldórsson pípulagningameistari

WILLBRANDT GUMMITECHNIK
WILLBRANDT ÞENSLUTENGI – Eigum mikið af standard tengjum á lager. Einnig er hægt að panta sérsmíðuð tengi. Öll tengi hjá okkur eru vottuð. GERUM TILBOÐ Í STÆRRI PANTANIR.

MD VÉLAR
VAGNHÖFÐA 12, REYKJAVÍK / S. 567 2800 / mdvelar@mdvelar.is / mdvelar.is

RÖRLEGGJARINN ehf.
arðhúsum 55 - 112 Reykjavík
SM 820 9396 - rorleggjarinn@gmail.com

vatnsidnadur.net
GAGNAGRUNNUR
ÞEKKING – SAGA

Lagnalist ehf.
Skógarási 6 - 110 Reykjavík - GSM. 898 0517
lagnalist@gmail.com

STOFNLAGNIR
PÍPULAGNAÞJÓNUSTA
Stofnlagnir ehf. - Viðarrima 19 - 112 Reykjavík
GSM. 660 0499 - WC@islandia.is

S.O.S lagnir ehf.
S.Ó.S. lagnir ehf.
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík
GSM 693 9000 - sos@soslagnir.is

TOPPLAGNIR
Topplagnir ehf. - Gvendargeisli 68 - 113 Reykjavík
GSM.698 8412 - topplagnir@internet.is

SNITTVÉLIN ehf.
Brekkutröð 3 - 220 Hafnarfirði
GSM 892 3639 - snittvelin@simnet.is

ulagnir Sigurðar
öllum 6 - 700 Egilsstöðum
4790 - siggalagnir@gmail.com

rkan ehf. Pípulagnir
var Markan
690 • 544 8611
r@bmarkan.is
til pípulagna
pulagningameistari
.bmarkan.is

HS pípulagnir ehf.
Smiðjuvegur 4
200 Kópavogi
GSM 894 0088
hspip@hive.is

PÍPULAGNIR
SAMÚELS & KÁRA EHF

H pípulagnir ehf.
akur 3A - 210 Garðabær
0851 - nonnipip@hotmail.com

Suðuvélar – Sala & leiga
O.S.N. EHF
ÖLL VERKFÆRI FYRIR PLAST-SUÐU
Smiðjuvöllum 7b
230 Keflavík - Sími 4 200 300

FYRIR VATNSVEITU
PE rör í öllum stærðum
Jarðlokar
Brunahanar
Viðgerðartengi & Borbaulur
PE fittings & rafmagnsfittings

FYRIR FRÁVEITU
PPDW rör í öllum stærðum
Brunnar & Brunnlok
PP-PVC rör SN8
Allar stærðir & gerðir af fittings
Skolpdælur & skolpdælubrunnar

Mikið úrval af ryðfríum fittings og pressfittings
KYNNIÐ YKKUR VERÐ & GÆÐI




Heildarlausnir í festingakerfum frá Walraven hafa verið í notkun á Íslandi með frábærum árangri til fjölda ára.
walraven.com
LAGNA LAGERINN
Fosshálsi 27
110 Reykjavík
S: 567 7000
walraven

Milwaukee
Nothing but HEAVY DUTY.
Slípirokkur M18 CAG125
Sverðsög M18 CSX
Pressutöng M18 HPT
VERKFÆRA SALAN
Kíttisgrind C18 PPCG600
Bandsög M18 CBS125
Járnhjólsög HD 18MS
Verkfærasalan - Síðumúla 11 - Dalshrauni 13 - 560-8888 - www.vfs.is

Dexta
Búnaður fyrir orkuflutning og orkusparnað
Dexta orkutæknilausnir ehf.
Varmaskiptar - Ýmsar gerðir á lager
Varmadælur og kælisamstæður
Iðnaðarviftur og -blásarar
Loftræstisamstæður
Tæknirýmis- og tölvukælar
Vökvakælar
Hitabúnt
Hitablásarar
Loftskiljur og afloftarar
Dælur
Hraðabreytar
Sjó- og vatnssíur
og margt fleira...
Invertek Drives.com
CIAT
nuaire
EBARA
SPIROTECH
Fjölnisgötu 6A, 603 Akureyri | Símar: 461 4710 og 894 4721 | www.dexta.is | gauti@dexta.is




Innréttingar í þjónustubílinn
eða vélarrúmið.
Box, hillur, skúffur, töskur, gólf,
klæðningar, toppgrindur og bogar
RAFVER
Framúrskarandi fyrirtæki
Skeifan 3E-F · Sími 581-2333 · rafver@rafver.is · www.rafver.is

# Góður árangur hjá Reyni á Evrópumótinu í Gautaborg

Í endaðan nóvember 2016 sendi Félag pípulagningameistara keppanda, Reyni Óskarsson, Íslandsmeistara í pípulögnum, til að keppa í pípulögnum á EuroSkills Evrópumótinu í Gautaborg í Svíþjóð. Keppnin stóð yfir dagana 1.-3. desember. Keppt var í iðn- og verkgreinum og komu keppendur víða að úr Evrópu til að keppa í hinum ýmsu faggreinum.
Samtals kepptu 11 þjóðir í pípulögnum og er skemmst frá því að segja að okkar maður, Reynir Óskarsson, hafnaði í 8. sæti af þessum ellefu þjóðum. Einnig náði Reynir þeim áfanga að fá 500 stig í keppninni, sem táknar árangur yfir meðaltali og fékk hann sérstaka viðurkenningu fyrir það afrek og náði einnig að klára stykkið með miklum sóma.



***Böðvar Ingi Guðbjartsson þjálfari og Reynir Óskarsson við upphaf keppninnar.***

### Mikið álag á keppendur

Keppnin stóð yfir í þrjá daga og fyrir hvern dag var keppt í ákveðnum verkþáttum. Fyrsta daginn var keppt í neysluvatni, koparlögn, sem var tinuð saman. Annan daginn var keppt í hitakerfi og þriðja daginn var svo lögð gaslögn.
Mikið var um beygingar, sem er töluvert framandi fyrir íslenska pípara, þar sem almennt séð er lítið verið að beygja rör í pípulögnum á Íslandi. Síðan var keppt í beygingum á handklæðaofni. Keppandinn fékk til þess einn klukkutíma að hanna og beygja handklæðaofn með þrjá dómara standandi yfir sér. Keppandinn þurfti að reikna út lengdina á rörinu og mátti skeika um nokkra cm. Keppandinn okkar var með þetta upp á millimetra enda búinn að æfa sig vel í stærðfræðinni. Kom hann dómurum á óvart þar sem hann kunni vel skil á ***radíus í öðru sinnum PÍ deilt í fjóra*** til að finna nákvæma lengd á hverri beygju fyrir sig.

### Stífar reglur og refsistig

Það sem kom einna mest á óvart í keppninni voru stífar reglur og öll refsistigin sem einfalt var að fá á sig ef menn pössuðu ekki upp á smáatriðin. Hverjum keppanda fylgdi þjálfari, sem breyttist svo yfir í dómara þegar komið var út í keppnina. Þar sem keppnisþjóðirnar voru ellefu voru dómararnir líka ellefu og voru yfirleitt þrír og þrír



***Á myndunum sést Reynir við vinnu sína í keppnisbásnum á Evrópumótinu.***





# Sælureitur FP á Spáni!

**Nú er rétti tíminn til að skella sér í sólina á Spáni. Félag pípulagningameistara hefur um nokkurra ára skeið átt glæsilega húseign í Torrevieja á Spáni. Nýlega er búið að taka alla eignina í gegn, lagfæra og endurnýja. Húsið leigist út í 2 vikur frá maí til september, en á öðrum tímum eftir nánara samkomulagi. Upplýsingar má fá á www.piparinn.is.**

**Burkni Aðalsteinsson hjá spanarhus.is, sími: 861-3053, sér um leigu á húsinu. Heimasíða er www.spanarhus.is, http//www.spanarfri.is/eign/skoda/60.**



*Húsið er allt hið glæsilegasta. Vel fer um fimm til sex manns þar í gistingu.*







saman í dómgæslunni. Eftir hvern dag var dregið hverjir ættu að vera saman og hvaða verkþátt þeir áttu að dæma. Þá sá maður að engin miskunn var gefin ef eitthvað bjátaði á og þar var verið að eltast við 1 mm skekkjumörk og 1° mun í beygingum, svo fátt eitt sé upptalið. Keppendur voru búnir hvern dag um klukkan fimm. Þá tók dómgæslan við og stóð vinna við hana yfirleitt til klukkan ellefu hvert kvöld.

### Keppendur mættu vel undirbúnir

Það var mjög áhugavert að sjá hvað keppendur og þjálfarar komu vel undirbúnir í keppnina. Enda hafa skapast ákveðnar hefðir í þeim efnum hjá þessum þjóðum í undangengnum keppnum. Flestir keppendur voru búnir að vera í æfingabúðum 4-6 vikur fyrir keppnina. Þar eru þeir á fullum launum við að setja upp stykkið aftur og aftur, með þá vitneskju í huga að teikningunni verði breytt um 30% þegar í keppnina er komið. Okkar keppandi þurfti aftur á móti að æfa sig eftir vinnu u.þ.b. tvisvar í viku og aðeins þéttar síðustu vikurnar fyrir keppnina, en alltaf að afloknum vinnudegi.

Forskot hinna keppendanna var af þessum sökum gríðalegt hvað þjálfun varðar. Ég er þess fullviss, að ef sami háttur hefði verið á hjá okkar manni þá hefði hann unnið til verðlauna. Sem dæmi um forskot má líka nefna Austurríkismanninn sem lenti í 1. sæti keppninnar. Það var nefninlega þjálfarinn hans hannaði og teiknaði keppnisstykkið!

Öll umgjörðin hvað keppnina sjálfa varðar, var mjög svo glæsileg og opnunar- og lokahátíðin var stórglæsileg. Forsætisráðherra Svíþjóðar, Stefan Löfven, ávarpaði keppendur og gesti og kom inn á sviðið með suðuhjálm á höfðinu. Þar tjáði hann viðstöddum að hann hefði byrjað feril sinn sem iðnaðarmaður og að hann byggi vel að þeirri reynslu ævina á enda.

### Eigum fullt erindi á erlend mót

Ég tel að við eigum fullt erindi í næstu Evrópukeppni sem haldin verður í Búdapest í Ungverjalandi árið 2018. Við þurfum að yfirfara og endurskoða verkferla hvað undirbúninginn varðar og draga lærdóm af reynslu okkar af þessari keppni, sem er gríðarlega mikil.

BYKO var aðal styrktaraðili okkar og lagði okkur m.a. til fatnað og lagnaefni til æfinga. Vil ég, fyrir hönd Félags Pípulagningameistara, þakka BYKO fyrir veittan stuðning og samstarf.

***Böðvar Ingi Guðbjartsson, varaformaður Félags pípulagningameistara.***



## Forseti Íslands veitir viðurkenningar

*Verkiðn efndi til móttöku fyrir keppendur Evrópumótsins. Þar mætti forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson og veitti keppendum og dómurum á Evrópukeppninni viðurkenningarskjöl fyrir þátttökuna. Á myndinni til vinstri er Reynir með viðurkenningu sína og Böðvar ásamt forsetanum. Að neðan í miðið er Böðvar með forsetanum eftir að hafa móttekið sitt viðurkenningarskjal. Til hægri er Reynir Óskarsson með Evrópumedalíuna og viðurkenningarskjal sitt. Til vinstri er svo Björn Á. Sigurjónsson, formaður Verkiðnar, sem notaði tækifærið og afhenti forseta Íslands BUFF merkt Rafiðnaðarsambandinu við mikla kátínu viðstaddra gesta.*












## Félag fagkvenna stofnað 2016



**Félag fagkvenna var stofnað formlega 28. nóvember 2016 í húsakynnum IÐUNNAR í Vatnagörðum. Ellefu fagkonur voru mættar á stofnfundinn þegar ljósmyndara Fréttapíps bar að garði. Á meðfylgjandi mynd eru stofnfélagarnir. Fréttapíp óskar þeim til hamingju með félagið.**

***Aftari röð t.f.v.: Svanbjörg Vilbergsdóttir, löggildur pípulagningameistari, Inga Laufey Bjargmundsdóttir, húsgagnasmiður, Indiana Audunsdottir, húsa- og húsgagnasmiður og María K. Magnúsdóttir, nemi í skósmíði.***

***Fremri röð t.f.v.: Þeba Björt Karlsdóttir, byggingastjóri, rafvirkja- og símsmíðameistari, Ingunn Anna Jónsdóttir, múrarameistari, Margrét Arnarsdóttir, nemi í rafvirkjun, Guðný Helga Grímsdóttir, nemi í húsgagnasmíði, Heiður Stefánsdótti, nemi í húsgagnasmíði, Eva Björk Sigurjónsdóttir, húsa- og húsgagnasmiður og Þóra Björk Samúelsdóttir, rafvirkjameistari.***





HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA
NÝTT!
FRÁBÆRT VERÐ
Nýtt í Húsasmiðjunni
Alcaplast er tékkneskur framleiðandi breiðrar línu hreinlætisvöru, allt frá plastfittings til innbyggðra WC kassa.
Við bjóðum nú frá þeim nýja línu útiniðurfalla á frábæru verði.
Öll vara Alcaplast er framleidd í fullkomnum vélum og byggt er á nýjustu tækni.
Vertu velkomin í heimsókn að kynna þér málið!
B125
C250
Alca PLAST®


STOÐ OG STYTTA HÚSBYGGJENDA
• Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
• Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
• Tröppur & stigar í úrvali
• Loftastoðir • Net á vinnupalla
Það er yðar hagur að skipta við fagmenn!
STOÐ pallaleiga ehf. – Tunguháls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is
STOÐ
PALLALEIGA


Ný kynslóð varmaskipta fyrir upphitun og kælingu frá Danfoss
Veldu hagkvæmustu lausnina, varmaskipta með nýju MICRO PLATE™ plötunum sem gefa 10% betri hitaleiðni en aðrar plötur. Við bjóðum upp á fjölda lausna, til upphitunar, fyrir heitt neysluvatn og til kælinga. Varmaskiptarnir eru fáanlegir í tveimur grunngerðum. Soðnir og boltaðir og í mismunandi stærðum fyrir hagkvæmustu lausnina fyrir þínar þarfir.
Við erum eini framleiðandinn í heiminum sem framleiðir tengigrindur og varmaskipta ásamt sjálfvirkum stjórnbúnaði fyrir hitakerfi.
ENGINEERING TOMORROW
Danfoss


SAMEINAÐIR
KRAFTAR!
Stafir lífeyrissjóður og Sameinaði lífeyrissjóðurinn sameinast í einn öflugasta lífeyrissjóð landsins.
Sundagörðum 2 | 104 Reykjavík
480 7000 | birta.is
BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR


RADSON
áreiðanlegur hitagjafi
°CLEVER
LÁGHITA MIÐSTÖÐVAROFNAR
10
10 ára ábyrgð
Mest seldu ofnar á Norðurlöndum
Gæði fara aldrei úr tísku
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Dragháls 14 - 16
110 Reykjavík
Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01
www.isleifur.is